

Eftirfarandi er íslensk þýðing á upphafskafla skýrslu AGS, „Modernizing the Icelandic VAT“, sem inniheldur samantekt á efni skýrslunnar.

Samantekt

Ríkisstjórn Íslands, sem var kjörin 2013, hefur stefnuna í skattamálum til almennrar endurskoðunar með það fyrir augum að gera hana skilvirkari og draga úr óæskilegum áhrifum hennar.¹ Í þessu skyni er horft til endurskoðunar virðisaukaskatts sem forgangsmáls í því að auka vægi neysluskatta á kostnað tekjuskatta. Þröngur skattstofn og breitt bil milli hins mjög svo háa 25,5% almenna skattþreps og 7% neðra skattþrepsins, bjaga hagræna hegðun og hvetja til skattahagræðingar, skattasniðgöngu og þrýstings frá hagsmunaaðilum. Skilvirkni íslenska virðisaukaskattsins er því vel undir meðaltali Evrópuríkja og aðildarríkja OECD.

Til að bregðast við þessari stöðu áformar ríkisstjórnin á næstunni að breikka skattstofninn með því að afnema undanþágur, hækka neðra skattþrepið og lækka efra skattþrepið. Á næstu 3-4 árum stefna stjórnvöld í átt að einu skattþrepi. Til að skapa mótvægi gagnvart hugsanlegum verðbólguáhrifum kerfisbreytinga á virðisaukaskatti og draga úr verðbjögun íhuga stjórnvöld að afnema almenn vörugjöld og endurskoða tolla á landbúnaðarvöru. Einnig gætu þau miðað að því að hækka bætur til þeirra tekjulágu heimila sem verða fyrir mestum áhrifum af hækkun virðisaukaskattsins.

Þessar aðgerðir eru allar í samræmi við ráðleggingar tveggja fyrri sendinefnda AGS á árunum 2010 og 2011. Þessi sendinefnd ítrekar fyrri ráðleggingar þess efnis að Ísland ætti til skamms tíma litið að: (1) afnema undanþágur fyrir að minnsta kosti ferðapjónustu, fólksflutninga, íþróttastarfsemi og menningarstarfsemi; (2) takmarka endurgreiðslur til sveitarfélaga við þjónustu sem hægt er að útvista; (3) tvöfalda neðra skattþrepið, í 14%; (4) lækka efra þrepið eins mikið og tekjur þola, með hliðsjón af breikkun stofnsins; og (5) til lengri tíma litið, að færast í átt að einu skattþrepi nálægt 21%. Að auki eru eftirfarandi ábendingar sem talist geta veigamiklar settar fram í þessari skýrslu:

- **Íhuga að tvöfalda hið minnsta lágmarks skattskylda veltu í virðisaukaskatti, upp í 2.000.000 kr. (um 17.850 bandaríkjadalir eða 12.900 evrur).** Hærrí þróskuldur mun auðvelda eftirlit og með því getur takmarkaður mannaflí RSK einbeitt sér betur að þeim stóru aðilum sem skila mestum hluta skattteknanna.
- **Skattleggja að fullu alla sölu og leigu atvinnuhúsnæðis, svo og nýtt íbúðarhúsnæði við fyrstu sölu.** Á meðan efni og vinna í byggingarstarfsemi er virðisaukaskattskyld hefur sala bygginga verið undanþegin. Það hefur þrýst á um sérstakar endurgreiðslur til byggingaraðila til að bæta þeim upp greiddan skatt af aðföngum. Með því að skattleggja atvinnuhúsnæði og leigustarfsemi hverfur sú nauðsyn og komið verður í veg fyrir uppsöfnunaráhrif innskatts, en með því að gera fyrstu sölu íbúðarhúsnæðis skattskylda er skattstofninn breikkaður sem nemur útgjöldum vegna húsnæðis.
- **Afnema endurgreiðslur vegna hópferðabíla og báta og flugvéla í innanlandssamgöngum, sem og endurgreiðslu vörugjalds (sem lagt er á koltvísýringslosun bíla) til bílaleigna.** Þetta fyrirkomulag er tilkomið vegna undanþágunnar sem fólksflutningar njóta og þess frávíks að bílaleigur séu skattlagðar í efra þrepinu. Með því að fólksflutningar verði skattlagðir hverfur þörfin fyrir þessar sérreglur og samkeppnisumhverfi bílaleigna verður jafnara.

¹ “Iceland: Economic Program 2014”, skýrsla fjármála- og efnahagsráðherra, Reykjavík, febrúar 2014.

- **Afnema almennt vörugjald á byggingarvörum, heimilistækjum og raftækjum.** Þetta mun veða á móti eins skiptis verðbólguáhrifum kerfisbreytingar á virðisaukaskattskerfinu og eyða þeirri bjögun sem nú er á verði vörugjaldsskyldra vara, en þar sem þær hafa hvorki óteygna eftirspurn né neikvæð ytri áhrif uppfylla þær ekki þau skilyrði sem almennt eiga að gilda um vörur sem bera vörugjöld.
- **Ef vörugjöld á sykurvörur eru látin halda gildi sínu,** þá ætti að gera rannsókn til að tryggja að verðhækkun af völdum vörugjaldsins nægi til að hafa letjandi áhrif á neyslu þeirra. Annar valkostur væri að afnema sykurskattinn og færa sykurvörurnar upp í efra virðisaukaskattsþrepið.